



Berist til skólanefnda sveitarfélaga  
-Til kynningar á fund skólanefndar

Reykjavík 17. apríl 2026

2509353SA AI  
Málalykill: 04.01

**Efni: Tillögur til tilnefninga Íslensku menntaverðlaunanna**

Með þessu bréfi viljum við hvetja skólanefndir sveitarfélaga eindregið til að senda inn tillögur til tilnefninga til Íslensku menntaverðlaunanna.

Markmið verðlaunanna er að vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi og auka veg menntaumbóta. Verðlaunin eru veitt árlega á Bessastöðum. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk sérstakrar hvatningar til aðila sem stuðlað hafa að framúrskarandi menntaumbótum.

1. **Framúrskarandi skóla- eða menntaumbætur**, ein verðlaun veitt til skóla eða annarrar menntastofnunar.
2. **Framúrskarandi kennari**, ein verðlaun veitt til kennara.
3. **Framúrskarandi þróunarverkefni**, ein verðlaun.  
Til greina koma verkefni sem tengjast skóla- og frístundastarfi, listnámi eða öðru starfi með börnum og ungmennum.
4. **Framúrskarandi iðn- og verkmenntun**, ein verðlaun veitt kennara, námsefnishöfundu, skóla- og menntastofnun.
5. **Hvatningarverðlaun til einstaklings, hóps eða samtaka** sem þykja hafa skarað fram úr.

Skólanefndir gegna lykilhlutverki í stefnumótun og eftirliti með skólastarfi og hafa góða yfirsýn yfir það öfluga starf sem fram fer innan sveitarfélaganna. Þær eru því í afar góðri stöðu til að tilnefna, skóla eða aðra menntastofnun, kennara eða verkefni sem skara fram úr – hvort sem það er vegna faglegra gæða, nýbreytni, samvinnu, samfélagslegra áhrifa eða jákvæðrar þróunar í skólastarfi, til Íslensku menntaverðlaunanna.

Tillögur skulu hafa borist **fyrir 1. júní n.k.** Frekari upplýsingar og tilnefningarform má finna á vefsvæði verðlaunanna: [www.skolathorun.is/menntaverdlaun](http://www.skolathorun.is/menntaverdlaun).

Vakin er athygli á því að hægt er að fá ráðgjöf og aðstoð við tilnefningar með því að hafa samband við verkefnisstjóra verðlaunanna, Ingvar Sigurgeirsson, í síma 896 3829 eða í tölvupósti: [ingvars\(hja\)hi.is](mailto:ingvars(hja)hi.is)

Við hvetjum skólanefndir til að nýta þetta tækifæri, og leggja sitt af mörkum til að lyfta fram því góða starfi sem á sér stað víða um land.

Virðingarfyllst,

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna Ingadóttir, sérfræðingur